

Fundargerð

30. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 17. janúar 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson og Eiríkur Mörk Valsson. Forföll boðuðu Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Lóa Björk Hallsdóttir.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 29. fundar staðfest milli funda og birt í kjölfarið á vef FRÍ.

2. Siðareglur

Varaformaður gerði grein fyrir siðareglunum, svo uppfærðum, ásamt því að greina frá fundi varaformanns og ritara sem haldinn var með fulltrúum ÍSÍ til að fara yfir málin. Skjalið verður sent á stjórnina og rætt betur á næsta fundi. Þá var ákveðið að kynna og hvetja ÍSÍ til dáða með samræmdum reglum og embætti Umboðsmanns iðkenda.

3. Laugardalsvöllur

Ákveðið að senda erindi á stjórnvöld, borg og ríki, í framhaldi af ályktun FRÍ frá síðasta ári og fundi með borgarstjóra. Formanni og ritara falið að setja saman erindið.

4. MÍ 11-14 ára

Lagt fram erindi um mótið 27.1-28.1 frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks með hliðsjón af keppnisaðstæðum. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra í samvinnu við formann deildarinnar að leita lausna, fyrir helgina, í samráði við aðildarfélag, líklegt að landsbyggðarfélag hafi gert ráðstafanir um að koma þessa helgi til höfuðborgarinnar.

5. Fjármál

Gjaldkeri gerði grein fyrir tveimur liðum

- Uppgjör 2017 í vinnslu.
- Fjárhagsáætlun 2018. Áætlun rædd, vísað til lokaafgreiðslu á næsta stjórnarfundum.

6. RIG

Farið yfir einstök atriði. Undirbúningur í góðum farvegi en mikið af verkefnum sem bíða skrifstofu og þeim aðilum sem sitja í undirbúningshópnum. RIG alltaf að verða stærri og stærri íþróttaviðburður.

7. FRÍ þing

Rætt um þingið, dagsetningar lagabreytinga og fleira. Minnt á rafrænt þing. Bæjarstjóri Kópavogs hefur tekið vel í beiðni FRÍ að halda þingið í Kópavogi þessa daga 23. og 24. mars. Útfært nánar síðar.

8. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með fjórföldu húrrahrópi kl. 18:30.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.